

UMSÖGN HAFNARFJARÐARBÆJAR UM SAMGÖNGUÁÆTLUN 2012-2022

Mál nr. 393. Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunarum samgönguáætlun, mál nr. 393. Umsagnarfrestur er til 29. febrúar 2012. Hér fer á eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tillöguna, tekin saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra Skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 21.02.2012 og fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 29.02.2012. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

Hafnarfjarðarbær telur jákvætt að gerð sé samþætt áætlun fyrir allar tegundir samgangna og tekur undir þau markmið sem sett eru með áætluninni. Sérstaklega er jákvætt að áhersla er á visvænar samgöngur, þ.m.t. almenningsamgöngur, hjólréiðar og gangandi. Athuga þarf þó að huga að jafnræði og möguleikum þeirra sem hafa skerta möguleika á að nota þessa samgöngumáta, svo sem eldri borgara og fólk með fötlun. Einnig þarf að huga að öryggi þeirra óvarinna vegfarenda sem nota þessa samgöngumáta.

Bent skal á að þó svo að bættar samgöngur gefi möguleika á að dreifa byggð, hvetur það til notkunar einkabílsins á kostnað almenningsamgangna, sem leiðir til ójafnræðis varðandi tekjulága þjófélags hópa. Þess vegna þarf að huga að jafnræði með hliðsjón af tekjuhópum og búsetu og athuga jafnræði með tilliti til búsetu innra og utan þéttbýlis.

Þó svo að flæði umferðarkerfisins sé mikilvægt til að forðast tafir og umferðarteppur, þ.e. að umferðarkerfið þjóni þeirri umferð sem um það fer á sem bestan hátt og án hindrana og tafa, ber einnig að leggja áherslu á aðgengi óháð ferðamáta. Aðgengi lítur meira að tilgangi ferðarinnar, upphafs- og endapunkti og hve auðvelt er að komast á áfangastað óháð ferðamáta, t.d. sem fall af tíma og fyrirhöfn. Ekki einungis hve langt, heldur einnig hversu auðvelt er að komast milli ákveðinna svæða.

Jákvæð er sú áhersla að tvinna saman skipulag landnotkunar og samgangna, og nefnt er að á samráðs- og hugarflugsfundum með sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins hafi verið almennt kallað eftir frekari aðkomu Vegagerðarinnar að skipulagsmálum og samþættingu samgönguáætlana ríkisins og skipulagsáætlana sveitarfélaga.

Tekið er undir áherslur á greiðar samgöngur fyrir ferðaþjónustu.

Nefnt er í skjalinu að við uppbyggingu samgöngukerfisins þurfi verklag að vera með þeim hætti að ávallt sé leitað hagkvæmustu lausna til að ná settum markmiðum, og gerð grein fyrir félagshagfræðilegri greiningu í tengslum við það. Þar ber að hafa í huga að hagkvæmni er ekki einfalt hugtak. Hagkvæmt fyrir hvern og á kostnað hvers, og hvernig er hagkvæmni mæld? Svo nefnd kostnaðar/ábatagreining hefur verið gagnrýnd af þessum sökum, og skilgreina þarf þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi á móti fjárhagslegri hagkvæmni samgöngunetsins.

Af einstökum framkvæmdum má nefna að gert er ráð fyrir að tvöfalda Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi suður í Hvassahraun á öðru og þriðja tímabili áætlunarinnar. Þessi framkvæmd er í raun tvískipt, annars vegar er kaflinn milli Kaldárselsveg og Krýsuvíkurvegar með mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Mikilvægt er að framkvæmd við tengingu Krýsuvíkurvegar með mislægum gatnamótum sé flýtt eins og kostur er og fari á samgönguáætlun 2011-2014. Hins vegar er kaflinn frá Krýsuvíkurvegi suður í Hvassahraun, en unnið er að endurmati á legu og færslu Reykjanesbrautarinnar á þeim kafla.

Önnur verkefni á seinni tímabilum vegaáætlunar:

- Ofanbyggðarvegur milli Kaldárselsvegar og Krýsuvíkurvegar – nýr vegur. Mikilvægt er að Ofanbyggðarvegur í Hafnarfirði fari inn á vegaskrá þar sem ljóst er vegurinn gegnir mikilvægu hlutverki í veltengingum á höfuðborgarsvæðinu. Reykjanesbraut mun ekki anna allri umferðinni sem skapast hér á suðursvæðunum í framtíðinni. Annars vegar er kaflinn milli Krýsuvíkurvegar og Reykjanesbrautar í Garðabæ, sem gæti verið með tengingu við Álftanesveg. Hins vegar er kaflinn frá Krýsuvíkurvegi að sveitarfélagsmörkum við Sveitarfélagið Voga.
- Reykjavíkurvegur milli Arnahraun og Engidals – endurgerð vegar, göngubrú, umferðaröryggi.
- Standgata - göngubrú við Hvamma.
- Reykjanesbraut milli Álftanesvegar og Lækjargötu - framtíðarlega, mislæg vegamótog vegstokkur

Stjórn Hafnarfjarðarhafnar samþykkti á fundi 22.02.2012 að taka undir umsögn Hafnasambands Íslands.

29.02.2012

Bjarki Jóhannesson

Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi